

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2021
Tilvísun okkar: E-2021-128 / 00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um tekjuskatt (hvatar til fjárfestinga).

Vísað er til þingskjals 570 – 399. máls á 151. löggjafarþingi, frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt (hvatar til fjárfestinga), nr. 90/2003.

Í greinagerð frumvarps er tekið fram að frumvarpið leggi sérstaka áherslu á að hvatar til fjárfestinga snúi að eignum sem teljist umhverfissvænar og stuðli að sjálfbærni. Landsvirkjun hefur sett sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum og leggur áherslu á sjálfbærni á öllum sviðum starfseminnar. Landsvirkjun fagnar þeim áherslum á loftlags- og umhverfismál sem frumvarpið felur í sér.

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér nýtt bráðabirgðaákvæði sem veitir tímabundnar heimildir til að flýtifyrna eða fyrna lausafjármuni hraðar en núgildandi ákvæði laga nr. 90/2003 um tekjuskatt („tsl.“) segja til um. Slík heimild leiðir til lægri skattgreiðslna fyrstu árin eftir kaup slíkra eigna en felur ekki í sér eiginlega undanþágu frá skattlagningu þar sem hærri skattgreiðslur munu koma til á síðari árum, þegar búið er að fyrna eignirnar að niðurlagsverði. Er því um að ræða frestun á skattgreiðslum sem getur þó skapað ábata fyrir skattaðila á komandi árum.

Landsvirkjun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Tryggja þarf jafnræði í skattlagningu

Landsvirkjun gerir athugasemd við að umrætt bráðabirgðaákvæði nái ekki til fyrirtækja í eigu eða á ábyrgð ríkisins eða sveitarfélaga. Landsvirkjun er fyrirtæki í eigu ríkisins en starfar á samkeppnismarkaði. Grunnsjónarmið skattheimtu er að jafnræði sé með skattgreiðendum. Almenn tryggir íslensk skattalöggjöf jafnræði á milli ríkisfyrirtækja og einkafyrirtækja í sömu atvinnugreinum. Á grundvelli sjónarmiða um jafnrétti í skattlagningu einkafyrirtækja og ríkisfyrirtækja í samkeppnisrekstri þá skýtur það skökku við að heimila ekki sömu skattalegu ívilnanir gagnvart fyrirtækjum í eigu ríkisins sem eru í virkri samkeppni og greiða tekjuskatt til jafns við önnur einkafyrirtæki.

Íslensk orkufyrirtæki hafa greitt tekjuskatt hér á landi frá og með rekstrarárinu 2006 en það fer eftir félagsformi þeirra hve háan tekjuskatt þau greiða. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki í eigu ríkissjóðs og Eignarhluta ehf., sbr. lög nr. 42/1983, og greiðir því 37,6% tekjuskatt af sínum tekjum, hvar sem þeirra er aflað. Önnur raforkufyrirtæki sem rekin eru í formi hlutafélaga eða einkahlutafélaga greiða aftur á móti 20% tekjuskatt. Löggjafinn verður að gæta jafnræðis gagnvart öllum orkufyrirtækjum en ekki beina skattalegum hvötum einungis að þeim sem eru í einkaeigu. Annars er verið að veikja



samkeppnisgetu Landsvirkjunar gagnvart öðrum orkufyrirtækjum auk þess sem mismunandi skattreglur eftir eignarhaldi fyrirtækja skapar ruglingshættu og ósamræmi í skattframkvæmd.

Að mati Landsvirkjunar færi betur að hvetja ríkisfyrirtæki, sem lúta sömu skattlagningarreglum og önnur einkafyrirtæki á grundvelli jafnræðis- og samkeppnissjónarmiða, að nýta sér þessar skattalegu ívilnanir og hvetja þannig til grænna valkosta við kaup á atvinnurekstrareignum. Þannig væri verið að gæta jafnræðissjónarmiða í skattlagningu og um leið hvetja fyrirtæki í eigu ríkisins, til þess að ráðast í umhverfisvænar fjárfestingar.


Í þessu sambandi má einnig nefna minna á að í 2. kafla laga nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið (61.-64. gr.) kemur fram að hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samningsins um evrópska efnahagssvæðið að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Ljóst er að mismunandi skattareglur milli orkufyrirtækja hljóta að flokkast sem ólögmæt ríkisaðstoð til þeirra sem njóta þannig hins aukna hagræðis.


5. gr. laga nr. 50/2005:

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram hin sérstaka flýtifyrning fyrirannlegra lausafjármuna skv. 1. tölul. 33. gr. tsl. um allt að 50% af fyrningargrunni, og sérstakt 15% fyrningarálág á stofnverð eigna samkvæmt sama ákvæði 1. tölul. 33. gr. tekjuskattslaganna. Þá eru í ákvæðinu skilgreindir flokkar umhverfisvænna eigna sem hið nýja lagaákvæði á að taka til.

Landsvirkjun bendir á að um fyrningu eigna orkufyrirtækja, sem að megninu til framleiða rafmagn með umhverfisvænum hætti, og eru ekki öll í eigu íslenska ríkisins eða opinberra aðila, fer samkvæmt lögum nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja. Þar er sérstaklega talið upp í ákvæði 5. gr. laganna, hvert fyrningarhlutfall á ákveðnum eignum og búnaði orkufyrirtækja skuli vera, þ.m.t. til tiltekinna lausafjármuna. Er þar enginn greinarmunur gerður á reglunum eftir því hverjir eigendur viðkomandi orkufyrirtækja eru. Í athugasemdum við frumvarp er varð að lögum nr. 50/2005, kemur fram að talið var nauðsynlegt að orkugeirinn sem heild, þ.e. sala á raforku annars vegar og sala á heitu vatni hins vegar, byggji við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum, og greiddi tekju- og eignarskatt með sama hætti og önnur atvinnufyrirtæki. Landsvirkjun leggur til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að það sé með sérstakri tilvísun í lagatexta talið gilda um lausafjármuni sem fyrirannlegir eru skv. framangreindri 5. gr. laga nr. 50/2005.

Virðingarfyllst,


Kristín Linda Árnadóttir
aðstoðarforstjóri


Kristín Konráðsdóttir
forstöðumaður reikningshalds